

**Nd.** **133. Frumvarp til laga** **[82. mál]**

um breyting á lögum nr. 50 5. júní 1957, um menningarsjóð og menntamálaráð.

Flm.: Bjarni Benediktsson.

1. gr.

a-liður 3. gr. laganna orðist svo:

3% af hreinum ágóða Áfengisverzlunar ríkisins ár hvert.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

## Greinargerð.

Með bréfi, dags. 24. marz 1956, skipaði þáverandi menntamálaráðherra, Bjarni Benediktsson, í samvinnu við þáverandi landbúnaðarráðherra, Steingrím Steinþórsson, nefnd fimm manna til þess að athuga og gera tillögur um, hvernig best verði fyrir komið fjáröflun og stjórn á styrkjum til vísindastarfsemi. Í nefnd þessa voru skipaðir Birgir Kjaran hagfræðingur, formaður, prófessor Ármann Snævarr, dr. Björn Sigurðsson, formaður rannsóknaráðs ríkisins, prófessor Júlíus Sigurjónsson og Pálmi Hannesson rektor.

Nefnd þessi skilaði tillögum sínum ásamt greinargerð til menntamálaráðherra, sem þá var orðinn Gylfi Þ. Gíslason, með bréfi, dags. 4. jan. 1957. Á grundvelli þessara tillagna lét ráðherra — með aðstoð nýrrar nefndar, er hann skipaði — semja 3 lagafrv., sem lögð voru fyrir síðasta Alþingi og náðu samþykki þess. Sú lagasetning hefur nú tekið gildi undir þessum heitum: Lög um vísindasjóð, lög um menningarsjóð og menntamálaráð og lög um breyting á lögum nr. 56 frá 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús.

Mesti vandinn við þessa lagasetningu var sá, hvernig aflu skyldi fjár til hinna auknu menningarstarfa, sem í henni voru ráðgerð. Nefndin frá 24. marz 1956, er samdi frv. til laga um vísindasjóð, lagði til, að fjár til hans yrði aflað með gjaldi, sem svaraði til einnar krónu af hverri flösku, er Áfengisverzlun ríkisins seldi. Þá skyldi og skattur lagður á happdrættismiða. Nokkurn fyrirvara hafði nefndin þó á um þessa tillögugerð.

Í hinum endanlegu tillögum núverandi menntamálaráðherra, sem síðan náðu lagagildi, var allt annar háttur tekinn upp. Þar var vísindasjóði um fjáröflun vísað til menningarsjóðs, en aðalfjáröflun honum til handa ákveðin svo skv. því, er segir í a-lið 3. gr. laganna um þann sjóð:

„Gjald af aðgöngumiðum að kvikmyndasýningum og dansleikjum samkvæmt lögum um skemmtanaskatt.“

Í 4. gr. laganna um breyting á skemmtanaskattslögunum segir nánar um þetta gjald:

„Á eftir 7. gr. komi ný grein, er verður 8. gr., svo hljóðandi:

Leggja skal sérstakt gjald á alla selda aðgöngumiða að kvikmyndasýningum, öðrum en kvikmyndasýningum fyrir börn, og dansleikjum í kaupstöðum og kaup-túnnum, sem hafa 1500 íbúa eða fleiri. Nemur gjald þetta 1 kr. á hvern seldan aðgöngumiða að kvikmyndasýningum og 2 kr. á hvern seldan aðgöngumiða að dansleik.“

Sjálf hefur ríkisstjórnin nú flutt frv. um breytingu á þessu ákvæði, vegna þess að það hafi ekki að öllu leyti reynzt vel. En ekki haggar sú breyting því, sem hér skiptir langsamlega mestu máli. En það er spurningin un, hvort heppilegt sé að aflu fjár í þessu skyni með gjaldi á kvikmyndasýningar eða áfengissölu.

Enginn efi er á því, að kvikmyndasýningar eru hollasta og bezta skemmtun almennings í þéttbýlinu. Allir kunnugir vita, að þær eru skæðasti keppinatur áfengisins sem skemmtun þúsunda ungra sem gamalla. Mjög er með réttu rætt um þær hættur, sem samfara eru drykkju áfengra drykkja. Virðist því ólíkt skynsamlegra að létta þessu gjaldi af aðalkeppinaut áfengisdrykkjunnar, en leggja það í þess stað á gróða áfengisverzlunarinnar. Mundi vafalaust óhætt að hækka áfengisverðið sem svarar því hundraðsgjaldi, er þarf til að ná ríflega þeim tekjum, sem nú er aflað með gjaldinu skv. 4. gr. l. um breyting skemmtanaskattslaganna. En ráðgert var, að tekjur skv. því ákvæði yrðu um 2 millj. kr. á ári.

Samkvæmt þessu frv. mundu tekjurnar verða mun meiri eða væntanlega un það bil 3 millj. kr. á ári. Er það að vísu allmikið fé, en þó ekki nema litill hluti þess, sem tekjurnar af Áfengisverzlun ríkisins hafa farið fram úr áætlun í valdatíð núverandi fjármálaráðherra frá 1950. Sú fjárhæð, sem hér er ætluð til menningarmála, nemur því hvergi nærri þeirri áætlunarskekkju, sem fjármálaráðherra hefur undanfarin ár orðið á. En yfirlit um áætlaðan og raunverulegan rekstrarhagnað Áfengisverzlunar ríkisins frá 1950, svo langt sem tölur eru fyrir hendi, er á þessa leið:

### Áfengisverzlunin.

#### Rekstrarhagnaður stofnunarinnar.

Ár	Áætlun fjárlaga	Ríkisreikningur
1950 .....	kr. 48 408 000.00	54 208 278.46
1951 .....	— 46 500 000.00	54 630 282.73
1952 .....	— 53 000 000.00	52 340 172.62
1953 .....	— 52 000 000.00	62 838 382.94
1954 .....	— 54 000 000.00	68 547 694.32
1955 .....	— 63 000 000.00	73 157 336.57
1956 .....	— 76 000 000.00	79 668 103.72
1957 .....	— 85 000 000.00	
1958 .....	— 90 000 000.00	